

Siðareglur Félags náms- og starfsráðgjafa

Inngangur

Félag náms- og starfsráðgjafa er fagfélag náms- og starfsráðgjafa á Íslandi.

Siðareglum Félags náms- og starfsráðgjafa er ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Tilgangur þeirra er jafnframt að vera náms- og starfsráðgjöfum siðferðilegt leiðarljós í starfi, upplýsa almenning um hugsjónir og faglegar skyldur náms- og starfsráðgjafa, og vera mælikvarði á vönduð vinnubrögð innan fagstéttarinnar. Markmið náms- og starfsráðgjafa er að auðvelda einstaklingum að átta sig á eigin óskum og vilja og efla færni þeirra til að taka farsælar ákvarðanir um nám og starf.

Náms- og starfsráðgjafar inna af hendi mikilvæga þjónustu fyrir einstaklinga og samfélag. Því skiptir miklu að náms- og starfsráðgjafar gegni starfi sínu af fagmennsku og siðferðilegri ábyrgð. Náms- og starfsráðgjafar skulu forðast að hafast nokkuð það að sem rýrt gæti það traust sem ríkja ber milli stéttarinnar og almennings. Náms- og starfsráðgjafar skulu líta á það sem mikilvæga skyldu að varðveita og styrkja það trúnaðarsamband sem ríkir milli þeirra og ráðþega. Þau siðferðisgildi sem liggja siðareglum þessum til grundvallar eru í aðalatriðum af þrennum toga:

Manngildi og virðing. Náms- og starfsráðgjafi ber ávallt fyllstu virðingu fyrir ráðþega. Hann fer ekki í manngreinarálit og gætir þess jafnframt að virða sérstöðu hvers ráðþega.

Sjálfræði. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að efla hæfileika ráðþega til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og bera ábyrgð á eigin ákvörðunum og þroska. Náms- og starfsráðgjafi ráðskast aldrei með ráðþega eða starfar í anda forræðishyggju.

Heill og velferð. Náms- og starfsráðgjafi hefur ávallt heill og velferð ráðþega að leiðarljósi. Hann ráðleggur í samræmi við faglega þekkingu sína og bestu vitund. Í störfum sínum forðast hann allt það er gæti valdið ráðþega skaða eða óþörfum erfiðleikum.

Kafli I. Ráðgjafarsamband

1. gr.

Náms- og starfsráðgjafi sýnir virðingu og nærgætni þegar hann aðstoðar ráðþega við þróun eigin náms- og starfsferils. Hann virðir sjálfræði hvers einstaklings og leitast við að leiða fram þau lífsgildi og óskir sem ráðþegi hefur sjálfur og hjálpa honum þannig að gera sér grein fyrir áhugasviði sínu og styrkleikum. Náms- og starfsráðgjafi ráðleggur á grundvelli faglegrar þekkingar sinnar og samvisku. Hann tekur ávallt ábyrgð á starfsaðferðum sínum og ákvörðunum. Hann forðast að stjórna vali ráðþega eða hafa óeðlileg áhrif á

ákvarðanir, fyrirætlanir, gildismat, lífsstíl eða lífsviðhorf ráðþega. Náms- og starfsráðgjafi upplýsir ráðþega í upphafi ráðgjafar um þau hagnýtu atriði sem við eiga svo sem kostnað, lengd viðtala og trúnað.

2. gr.

Náms- og starfsráðgjafi skal ekki mismuna ráðþegum til dæmis vegna persónulegra tengsla, félagslegra aðstæðna, aldurs, kyns, kynþáttar, kynhneigðar, kynvitundar, sambúðarforms, trúar, þjóðernis, menningar, tungumála, fötlunar eða annarra þátta. Tryggja skal aðgengi allra að þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

3. gr.

Náms- og starfsráðgjafi skal ekki nýta tengsl við þá sem til hans leita sjálfum sér til framdráttar. Hann skal til dæmis gæta þess að ljúka ráðgjafarsambandi þegar fyrir liggur að ráðþegi þarfnast ekki frekari aðstoðar. Náms- og starfsráðgjafi forðast að stofna til hagsmunatengsla sem rekist geta á við hag ráðþega. Telji náms- og starfsráðgjafi möguleika á hagsmunaárekstri upplýsir hann ráðþega um það og bendir á aðra valkosti.

4. gr.

Náms- og starfsráðgjafi kemur fram af heiðarleika og tillitssemi gagnvart ráðþegum sínum og leitast við að skapa gagnkvæmt traust. Hann gætir trúnaðar í samskiptum við ráðþega og þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar. Náms- og starfsráðgjafi sýnir einkalífi ráðþega virðingu og gætir ávallt fyllstu vandvirkni og varúðar. Hann fylgir lögum og reglugerðum varðandi skráningu, meðhöndlun og eyðingu persónugreinanlegra gagna.

5. gr

Náms- og starfsráðgjafi upplýsir ráðþega um eðli, tilgang og niðurstöður þeirra prófana og mælitækja sem hann notar í þjónustu við ráðþega, og beitir þeim ekki nema að fengnu upplýstu samþykki hans.

6. gr.

Í undantekningartilfellum, svo sem lög kveða á um eða ógn steðjar að ráðþega eða öðrum, getur reynst nauðsynlegt að rjúfa trúnað við ráðþega. Skal þá náms- og starfsráðgjafi að jafnaði gera ráðþega grein fyrir að trúnaður verði rofinn. Við upplýsingagjöf til þriðja aðila ber að gæta hlutleysis og sýna málstað ráðþega virðingu.

KAFLI II. Fagleg ábyrgð

7. gr.

Náms- og starfsráðgjafi þekkir viðeigandi lög og reglur varðandi réttindi ráðþega sinna. Náms- og starfsráðgjafi getur veitt ráðþega ráðleggingar og stuðning í samskiptum við yfirvöld og stofnanir. Náms-

og starfsráðgjafi skal þó ávallt hvetja ráðþega til að standa fyrir máli sínu að eigin frumkvæði og ábyrgð. Hann skal forðast að taka á sínar herðar ábyrgð sem með réttu er ráðþegans.

8. gr.

Náms- og starfsráðgjafi er meðvitaður um gildi sín og viðhorf. Hann gætir jafnréttis og hlutleysis í starfi sínu og forðast fordóma af öllu tagi. Náms- og starfsráðgjafi er ennfremur meðvitaður um viðkvæma stöðu ráðþega og gætir þess að misnota hana á engan hátt. Hann forðast fagleg tengsl við einstaklinga sem hann tengist persónulega.

9. gr.

Náms- og starfsráðgjafi ber ábyrgð á að viðhalda fagþekkingu sinni og færni. Hann leitast við að tileinka sér nýjungar á sviði náms- og starfsráðgjafar og bæta þá faglegu þjónustu sem hann veitir. Náms- og starfsráðgjafi tekur þátt í rannsóknum er stuðlað geta að framförum í faggreininni eftir því sem þekking, hæfni og aðstæður gera honum fært. Hann leitar sér handleiðslu til að efla fagvitund sína, færni og öryggi í starfi. Náms- og starfsráðgjafi er hvattur til að huga að eigin heilsu og vellíðan svo hann geti sem best sinnt sínum faglegu skyldum.

10. gr.

Náms- og starfsráðgjafi starfar innan marka menntunar sinnar og reynslu og vísar ráðþega til annarra sérfræðinga þar sem starfssviði hans sleppir.

11. gr.

Náms- og starfsráðgjafi gerir ekkert það sem rýrt getur álit almennings á náms- og starfsráðgjöf og vinnur að því að skapa greininni traust og virðingu. Hann virðir hæfni, skyldur og ábyrgð annarra náms- og starfsráðgjafa og gerir ekkert í starfi sínu sem rýrir orðstír þeirra.

12. gr.

Náms- og starfsráðgjafi skal aldrei vinna undir áhrifum áfengis eða annarra efna sem slæva dómgreind hans og athygli.

13. gr.

Náms- og starfsráðgjafi stofnar ekki til kynferðislegs sambands við ráðþega á meðan á faglegu sambandi þeirra stendur. Náms- og starfsráðgjafi áreitir ráðþega eða samstarfsfólk aldrei kynferðislega.

14. gr.

Náms- og starfsráðgjafi miðlar starfssystkinum af þekkingu sinni og reynslu. Hann upplýsir hagsmunaaðila um markmið fagsins, almenn viðfangsefni og vandar alla miðlun upplýsinga.

15. gr.

Náms- og starfsráðgjafi vinnur að góðum og traustum faglegum samskiptum. Hann starfar í góðri samvinnu og tengslum við samstarfsfólk, fagaðila og stofnanir sem vinna í þágu og til heilla fyrir einstaklinga og fjölskyldur.

Kafli III. Stafræn náms- og starfsráðgjöf

Stafræn náms- og starfsráðgjöf fer til dæmis fram í gegnum síma, tölvupóst eða fjarfundaforrit. Hún getur einnig verið í formi upplýsingamiðlunar á heimasíðum og samfélagsmiðlum.

16. gr.

Í stafrænni náms- og starfsráðgjöf gilda sömu siðareglur og í staðbundinni náms- og starfsráðgjöf.

17. gr.

Náms- og starfsráðgjafi fylgist með þróun tækninýjunga og samfélagsmiðla sem hægt er að nýta í stafrænni náms- og starfsráðgjöf með það að markmiði að jafna og auka aðgengi ráðþega að náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsupplýsingum.

18. gr.

Náms- og starfsráðgjafi þarf að gæta þess að nota viðurkennt og traust fjarfundaforrit í samskiptum við ráðþega. Hann þarf ávallt að hafa öryggi og gagnsæi að leiðarljósi í stafrænni ráðgjöf. Náms- og starfsráðgjafi gefur ekki persónulegar upplýsingar í gegnum stafræna náms- og starfsráðgjöf nema tilkomi staðfesting á að ráðþegi sé sá sem haldið er fram.

19. gr.

Náms- og starfsráðgjafi stofnar ekki til ráðgjafasambands í gegnum opna samfélagsmiðla. Hann notar samfélagsmiðla eingöngu fyrir upplýsingamiðlun. Þær upplýsingar sem náms- og starfsráðgjafi setur á samfélagsmiðla skulu vera almennar og framsetning skýr. Náms- og starfsráðgjafi skal ekki undir neinum kringumstæðum deila persónulegum eða persónugreinanlegum upplýsingum ráðþega í gegnum samfélagsmiðla.

20. gr.

Náms- og starfsráðgjafi þarf að huga vel að rituðum samskiptum og orðræðu. Hann leitast við að tryggja skýrleika texta og orðalags. Náms- og starfsráðgjafi leggur sig fram við að tryggja sameiginlegan skilning með faglegu verklagi.

21. gr.

Náms- og starfsráðgjafi skal upplýsa ráðþega ef aðrir eru viðstaddir viðtal þegar fjarfundaforrit eru notuð. Viðtöl eru aldrei tekin upp nema með leyfi og upplýstu samþykki ráðþega.

KAFLI IV. Siðanefnd og brot á siðareglum

22. gr.

Náms- og starfsráðgjafi skal starfa í anda siðareglna þessara og taka ábyrgð á faglegum gerðum sínum. Náms- og starfsráðgjafar vinna í sameiningu að því að endurskoða siðareglur þessar.

23. gr.

Siðanefnd skipa fjórir félagsmenn úr Félagi náms- og starfsráðgjafa, þar af einn úr stjórn félagsins. Hún getur bæði tekið upp mál að eigin frumkvæði og við ábendingum er varða störf fagfólks í greininni. Siðanefnd hefur frumkvæði að endurskoðun siðareglna og leitast við að standa fyrir samtali innan stéttarinnar um hlutverk og efni þeirra. Henni er ætlað að vera leiðbeinandi, ráðgefandi og fyrirbyggjandi að því er varðar siðferðileg álitamál innan fagstéttar náms- og starfsráðgjafa. Þegar siðanefnd tekur til starfa skal hún gera starfsáætlun.

24. gr.

Starfi náms- og starfsráðgjafi ekki í anda siðareglna þessara, að mati starfssystkina hans eða ráðþega, er hægt að vísa máli hans til siðanefndar FNS innan árs frá því meint brot átti sér stað. Siðanefnd fjallar um þau tilvik sem upp koma og gefur aðila máls tækifæri til að nýta andmælarétt sinn. Telji siðanefnd að um brot á siðareglum sé að ræða skal hún kveða skýrt á um það í rökstuddum úrskurði hvort brotið er ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Telji siðanefnd að um ámælisvert brot sé að ræða skal hún veita viðkomandi náms- og starfsráðgjafa áminningu og tilkynna tilviknið til stjórnar. Álíti siðanefnd að brotið hafi verið alvarlega eða mjög alvarlega gegn siðareglum þessum vísar hún málinu beint til stjórnar félagsins, ásamt úrskurði sínum. Stjórn félagsins ákveður í framhaldi af því hvort ástæða sé til að vísa viðkomandi úr félaginu. Í öllum tilvikum skulu málsaðilum kynntar niðurstöður siðanefndar.

Samþykkt á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa 12. maí 2021.